

### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Bleikjustöðin Viðvík Kt. 181163-6909	Dags. eftirlits: 23. 11. 2016	Staðsetning stöðvar: Viðvík Sauðárkrókur	Starfsleyfisflokkur: 4
Tengiliður: Kári Ottósson	Netfang: vidvik@mi.is	Sími: 8645004 / 44535004	Gerð stöðvar: Landeldi
Gildistími starfsleyfis: 01.01.2024	Kvittun afhend: Já	Viðstaddir eftirlit:	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Enginn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Bleikjueldi, að 20t Um 900 fiskar eru í einu kerri, áætlað að slátra öllum fiski fyrir áramótin og nýr fiskur kemur ekki í kerrið fyrr en að lokinni stækkun sem fyrirhuguð er.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Fyrsta eftirlit UST/MAST Fyrirhugað er að setja upp tvö ný ker. Teikningar voru sýndar eftirlitsaðila í eftirlitinu en ákvörðun um tímasetningu framkvæmda hefur ekki verið tekin.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		x		Skráningar í rekstrarhandbók eru litlar sem engar og bent er á að bæta þurfi skráningar þegar fiskur kemur aftur í stöðina.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	Ekki er krafa í starfsleyfi um að ársskýrsla sé send eftirlitsaðila en hún skal vera aðgengileg í eftirlitum.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar		x		Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar og bent er á að vinna þurfi þessar áætlanir.

viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	Á ekki við
Er neyðaráætlun til staðar?		x		Neyðaráætlun er ekki til staðar og er bent á að vinna þarf þessa áætlun.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			x	Á ekki við
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Klukkufóðrun og sjónmat
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		x		Engar mælingar hafa verið framkvæmdar í frárennsli. Bent er á að taka þurfi mælingar um leið og starfsemi hefst aftur í stöðinni.
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt?		x		Frárennsli er leitt beint út í læk (uppsprettu sem leidd er beint í eldiskerið) en bent er á að koma þurfi upp fyrsta stigs hreinsun á frárennslinu, sem er t.d. sýjun, sigtun eða settjörn.  Allt var undir snjó og ekki hægt að skoða frárennislæk í eftirlitinu.

Er fiskur í frárennsli?				
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.		x		Sjá fyrri lið.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Eldisvatnið kemur úr uppsprettu við eldiskerið og frárennslið rennur síðan aftur út í þann læk og um nokkurra km leið niður í Hjaltadalsá.
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			x	Á ekki við
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		x		Ekkert eftirlit hefur verið með viðtaka en bent er á að taka þurfi upp það eftirlit þegar nýr fiskur kemur í kerin.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			x	Á ekki við
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			x	Á ekki við
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			x	Á ekki við
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Dauðfiskur (1-2 fiskar á mánuði) fer í hrægám á vegum sveitarfélagsins.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Sjá fyrri svör

Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.			x	Á ekki við
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?  Er það skv. starfsleyfi?  Hver sér um mælingarnar?	x			Bent er á að mælingar skulu gerðar þegar nýr fiskur kemur í kerin.

#### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila. Engin frávik komu fram í eftirlitinu en ein athugasemd var gerð varðandi skráningar í rekstrarhandbók.

<b>Samantekt:</b>	Einungis eitt ker er í stöðinni og um 900 fiskar, u.þ.b. 1 kg að þyngd. Fyrirhugað er að slátra öllum fiskinum fyrir áramótin og mun starfsemi ekki hefjast aftur í stöðinni fyrr en fleiri ker hafa verið sett upp skv. teikningu.
<b>Frávik</b>	Engin frávik komu fram í eftirlitinu.
<b>Athugasemdir</b>	Athugasemd er gerð við skráningar í rekstrarhandbók en þær þarf að bæta er starfsemin fer aftur af stað.
<b>Annað</b>	

Undirskrift eftirlitsmanns: *G. Stella Arnadóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Bleikjueldisstöðin Viðvík Viðvík, Skagafirði



<b>Dags eftirlits</b>	23.11.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Bleikjueldisstöðin Viðvík	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Viðvík	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	181163-6909	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kári Ottósson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu en ein athugasemd var gerð varðandi skráningar í rekstrarhandbók.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á þær áætlanir sem þarf að skila skv. því.

Einungis eitt ker er í stöðinni og um 900 fiskar, u.p.b. 1 kg að þyngd.

Fyrirhugað er að slátra öllum fiskinum fyrir áramótin og mun starfsemi ekki hefjast aftur í stöðinni fyrr en fleiri ker hafa verið sett upp skv. teikningu.

### ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við skráningar í rekstrarhandbók en þær þarf að bæta er starfsemin fer aftur af stað.

### ANNÁÐ

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaráhöpp.

Skv. starfsskilyrðum frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

06.12.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir